



**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Meðalgönguaðild samkvæmt 20. gr. laga um
meðferð einkamála nr. 91/1991**

Elísabet Inga Lúðvíksdóttir

Leiðbeinandi: Ari Karlsson

Apríl 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Meðalgönguaðild samkvæmt 20. gr. laga um meðferð
einkamála nr. 91/1991**

Elísabet Inga Lúðvíksdóttir

Leiðbeinandi: Ari Karlsson

Apríl 2016

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	2
2 Aðild að einkamáli	2
2.1 Hvaða mál eru einkamál ?.....	2
2.2 Réttur manna til að bera mál undir dómstóla	3
2.3 Almenn atriði um aðild	3
2.3.1 Aðildarhæfi.....	5
2.3.2 Hagsmunareglan.....	6
3 Málsforræðisreglan.....	8
3.1 Almenn um málsforræðisregluna.....	8
3.1.1 Forræði á því hvort mál verði rekið	9
3.1.2 Forræði á aðild að máli.....	9
3.1.3 Forræði á kröfugerð og röksemdum.....	9
3.2 Samspil málsforræðisreglunnar og samningsheimildarreglunnar	10
4 Meðalgönguaðild.....	10
4.1 Höfðun meðalgöngusakar.	12
4.2 Aðalmeðalganga.....	13
4.3 Aukameðalganga.....	16
5 Lokaorð	21
Heimildaskrá	24
Dómaskrá	25

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um meðalgönguáðild samkvæmt 20. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Meginmarkmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á tilgang og þau skilyrði sem sett eru fyrir beitingu greinarinnar. Verður í þeim efnum aðallega litið til dómaframkvæmdar Hæstaréttar og skrifa fræðimanna. Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður stuttlega farið yfir hvaða mál teljast einkamál, rétt aðila til þess að bera mál undir dómstóla og almenn atriði um áðild. Í þriðja kafla er almennt farið yfir málsforræðisregluna og samspil hennar við sanningsheimildarregluna. Í fjórða kafla er farið yfir öll afbrigði meðalgöngu, bæði aðal- og aukameðalgöngu. Í tilviki aðalmeðalgöngu neytir þriðji maður sér heimildar 20. gr. til þess að fá ákveðna hagsmuni dæmda sjálfum sér í málinu og í tilviki aukameðalgöngu neytir þriðji maður sér heimildina til þess að verja rétt sinn með kröfu um að úrslit máls verði á tiltekinn veg, öðrum hvorum upphaflegum aðila málsins í hag.¹ Verða reifaðir dómar til skýringar á skilyrðum sem sett eru fyrir beitingu reglunnar. Í fimmta og síðasta kafla ritgerðarinnar eru svo nokkur lokaorð dregin saman.

2 Áðild að einkamáli

2.1 Hvaða mál eru einkamál ?

Sú fræðigrein lögfræðinnar sem fjallar um dómstóla og meðferð mála fyrir þeim kallast réttarfar. Fræðigreinin skiptist nokkurn veginn í tvo meginþætti, einkamálaréttarfar og sakamálaréttarfar. Reglur einkamálaréttarfars er hægt að finna í meginatriðum í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 sem tóku gildi 1. júlí 1992. (Hér eftir skammstöfuð eml.)

Mál sem rekin eru fyrir dómstólum greinast í tvo meginflokka, einkamál og sakamál. Einkamál eru mál sem einstaklingar eða lögpersónur höfða á hendur öðrum einstaklingi eða lögpersónu til að fá leyst úr réttarágreiningu um réttindi og skyldur þeirra. Samkvæmt 1. gr. eml. má skilgreina hugtakið einkamál á þann hátt að öll dómsmál, sem ekki sæta sérstakri meðferð fyrir dómi eftir öðrum lögum, séu þá talin einkamál. Þessi neikvæða skilgreining byggir á því að ef ekki er með berum orðum tekið fram í lögum að dómsmál um tiltekið málefni verið rekið eftir reglum annarra laga en laga um meðferð einkamála, þá verði málið talið einkamál.² Sakamál eru mál sem handhafar ákærvalds höfða til refsingar samkvæmt lögum, svo og mál til að koma fram refsikenndum viðurlögum. Um sakamál gilda lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 sem tóku gildi 1. janúar 2009.³

¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 3-4

³ Lögfræðiorðabók með skýringum, bls. 356.

2.2 Réttur manna til að bera mál undir dómstóla

Réttur manna til þess að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér fyrir dómstóli er tryggður í 1. mgr. 70. gr. stjkskr.⁴ Ákvæði 70. gr. var fyrst sett inn í stjórnarskránnu með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Réttindin sem talin eru upp í 70. gr. hafa flest þó um langt skeið verið tryggð í íslenskri réttarfarslöggjöf.⁵

6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) hefur haft mikil áhrif á þróun íslenskra laga og reglna um réttláta málsmeðferð og rétt manna til aðgangs að dómstólum. Jafnframt er greinin helsta fyrirmynd 70. gr. stjkskr. Á milli greinanna tveggja eru nánin tengsl sem birtast með skýrum hætti í dómaframkvæmd. Á 70. gr. stjkskr. hefur reynt í ríkara mæli en flest önnur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Við skýringu á efni og inntaki 70. gr. stjkskr. vísa dómstólar oft í sömu andrá til 6. gr. MSE án þess að greint hafi verið á milli inntaks þessara tveggja ákvæða eða þeirra reglna sem verða dregnar af þeim.⁶

Með hugtökunum réttindi og skyldur er fyrst og fremst vísað til þess að menn eigi almennt rétt á að bera mál sín undir dómstóla um atriði sem eru einkaréttarlegs eðlis. Þessi meginregla birtist einnig í 1. mgr. 24. gr. eml. þar sem segir að dómstólar hafi vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til, nema það sé skilið undan lögsögu þeirra skv. lögum, samningi, venju eða eðlis.⁷ Mikilvægi réttindanna um rétt manna til aðgangs að dómstólum byggjast einkum á því að þar sem málsmeðferð dómstóla lýtur ströngum kröfum fá menn sérstaklega vandaða úrlausn mála sinna fyrir þeim og tryggingu fyrir óhlutdrægni.⁸

2.3 Almenn atriði um aðild

Í réttarfari er hugtakið aðili notað um þann, sem á hlut að dómsmáli. Í einkamálaréttarfari er þetta annaðhvort sá aðili sem höfðar mál, eða sá aðili, sem máli er beint að og þeir eru þá sagðir eiga aðild að máli.⁹ Sá sem höfðar einkamál er yfirleitt nefndur stefnandi máls við meðferð þess fyrir héraðsdómi en sá sem máli er beint að er nefndur stefndi eða stefndur. Þar sem að aðilar geta orðið fleiri en einn til sóknar eða varnar er þessum hugtökum þá breytt í fleirtölu og rætt þá um stefnendur og stefndu. Notkun hugtakanna er öðruvísi við meðferð

⁴ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 516

⁵ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 517

⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 219

⁷ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 518

⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 223

⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 8

einkamáls fyrir Hæstarétti en þar eru aðilar að kærumáli kallaðir sóknaraðili og varnaraðili, en í áfrýjunarmáli eru þeir nefndir áfrýjandi og stefndi.¹⁰

Auðséð er að aðilar að máli séu undantekningalaust að minnsta kosti tveir og er tvímælalaust að slík óskráð grundvallarregla gildi hér á landi. Útilokað er að maður geti átt kröfu á hendur sjálfum sér og getur sami aðilinn því ekki staðið þannig bæði til sóknar og varnar í dómsmáli. Í einkamálaréttarfarum er einnig gengið út frá þeirri meginreglu að ekki verði leyst úr kröfu í dómsmáli nema aðili hafi lögvarða hagsmuni af því. Því má draga þá ályktun af reglunni að ekki er unnt að höfða einkamál um hagsmuni sem beinast ekki að neinum og má telja það greinilegt að einkamál verður ekki rekið nema að aðilar séu að minnsta kosti tveir, annar til sóknar og hinn til varnar.¹¹ Hvergi er tekið fram hver hámarksfjöldi aðila að máli getur orðið. Þeir geta orðið eins margir og verða vill, ef gætt er að skilyrðum reglna 18. eða 19. gr. eml. fyrir sameiginlegri aðild þeirra til sóknar og varnar.¹²

Hugtakið aðili eða málsaðili á við um þá sem eiga þann hlut að dómsmáli að þeir geri þar kröfur um málsúrslit, slíkum kröfum sé beint að þeim og að dómsúrlausn í máli bindi þá. Aðilar í þessum skilningi geta hvort sem er verið einstaka menn eða ópersónulegir aðilar en þeir verða að fullnægja þeim skilyrðum sem 16. gr. eml. setur til þess að teljast hæfir til að eiga aðild að máli.¹³

Eitt af grundvallaratriðum sem þarf að athuga við undirbúning að málshöfðun er það hverjir þurfi að eiga aðild að máli til þess að það nái tilgangi sínum. Engar ákveðnar reglur eru um þetta í eml. þar sem það ræðst af efnisatriðum í hverju og einu einstaka máli hverjir það séu nánar, sem geta átt eða verða að eiga aðild að því. Hægt er að ganga út frá því að sá einn geti með réttu höfðað mál, sem er réttthafi að þeim hagsmunum sem á að leita úrlausnar dóms um, og að máli verði ekki með réttu beint að öðrum en þeim, sem getur látið hagsmunina af hendi eða verður að þola þá. Ef farið er í bága við þessar grundvallarreglur á þann hátt að máli er beint að röngum manni eða að maður höfðar mál um hagsmuni, sem annar á með réttu, er uppi aðildarskortur og leiðir því til sýknu stefnda samkvæmt 2. mgr. 16. gr. eml.¹⁴

¹⁰ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 8

¹¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 59

¹² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 59-60

¹³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 59

¹⁴ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 59

2.3.1 Aðildarhæfi

Í 1. mgr. 16. gr. eml. er mælt fyrir um þá eiginleika, sem maður eða eftir atvikum ópersónulegur aðili, verður að hafa til að mega njóta aðildar að dómsmáli. Þar segir að aðili dómsmáls geti verið hver sá einstaklingur, félag eða stofnun sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Ákvæðið tekur ekki af skarið um það hvenær maður eða ópersónulegur aðili sé bær um að eiga réttindi eða bera skyldur og njóti þar með aðildarhæfis, heldur er vísað til fyrirmæla annarra laga eða réttarreglna og því skera aðrar reglur en réttarfarsreglur í raun úr um aðildarhæfi samkvæmt tilvísunarreglu 1. mgr. 16. gr. Dómstólum er ekki bært að kveða á um rétt eða skyldu aðila nema sá aðili sé hæfur til að njóta réttinda eða bera skyldu. Ef þessu hæfi brestur er annmarki málsins slíkur að ekkert annað er í stöðunni en að vísa málinu frá.¹⁵

Fjallað er um aðildarhæfi einstakra manna í 1. mgr. 16. gr. eml. og að þeir njóti aðildarhæfis ef þeir geta átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Í raun er byggt á því að aðildarhæfi manns fylgi almennu hæfi hans samkvæmt lögum til að eignast réttindi og bera skyldur. Tekin er afstaða til hæfis manna til að geta átt réttindi og að bera skyldur á sviði persónuréttar. Gengið er út frá því í persónurétti að allir lifandi menn njóti rétthæfis, að við fæðingu komi rétthæfið til og því ljúki við andlát. Þó er gert ráð fyrir að ófæddri mannveru, fósttri, geti verið áskilið rétthæfi að nokkru leyti og verður því að telja það njóta aðildarhæfis í sama mæli og það nýtur rétthæfis.¹⁶

Munurinn á rétthæfi og aðildarhæfi er einkum sá að aðildarhæfi getur ekki staðið lengur en til dánarstundar. Á sviði persónuréttar er litið á að rétthæfi manna ljúki við andlát en þó er viðurkennt að í vissum skilningi geti menn notið réttarverndar eftir andlát sitt eins og í málum sem varða æruvernd og þagnarskyldu.¹⁷

Félög og stofnanir njóta hæfis til að eiga aðild að einkamáli ef þau fullnægja því skilyrði að vera talin bær samkvæmt landslögum til að eiga réttindi og bera skyldur. Því er slegið föstu að aðildarhæfi sé fyrir hendi hjá sérhverju félagi eða stofnun, sem hefur orðið til af völdum manna, ef lög eða aðrar réttarreglur leiða til þess að slíkur ópersónulegur aðili geti átt réttindi eða borið skyldur í samskiptum við aðra. Um þessa ópersónulegu aðila er hugtakið lögpersóna notað og getur það náð til ýmiss konar félaga sem menn hafa stofnað um áhugaefni sín eða til að gæta sameiginlegra hagsmuna sem þeir eiga, og stofnana, nefnda, ráða eða annars konar ópersónulegra fyrirbæra, sem orðið hafa til á grundvelli laga eða annarra

¹⁵ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 61

¹⁶ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 61

¹⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 62

réttarreglna, þar á meðal ríkið sjálft og sveitarfélög.¹⁸ Ekki er til neinn algildur mælikvarði sem ákvarðar hvenær slá megi föstu að lögpersóna njóti aðildarhæfis. Ávallt þarf að kanna aðstöðuna varðandi einstaka tegundir lögpersóna og athuga afmarkað hvert og eitt afbrigði.¹⁹

Það er enginn fyrirvari tekinn fram í 1. mgr. 16. gr. eml. þess efnis að það séu eingöngu íslenskir einstaklingar og lögpersónur sem geti átt aðild að dómsmáli hér á landi. Enginn vafi er á því að aðildarhæfi sé algerlega óháð slíkum skilyrðum og má því ganga út frá því að erlendir menn og erlendar lögpersónur geti átt aðild að dómsmálum hér á landi, ef fullnægt er sömu skilyrðum fyrir aðildarhæfi og gilda um íslenska aðila. Í þessu efni er þó vert að athuga að ekki sé sjálfgefið að mál erlendra aðila eða lögpersóna geti átt undir íslenskan dómstól, enda verður hann að eiga lögsögu yfir erlendum aðila til að svo geti farið.²⁰

2.3.2 Hagsmunareglan

Eins og áður segir er hægt að ganga út frá því að sá einn geti með réttu höfðað mál, sem er rétthafi að þeim hagsmunum sem á að leita úrlausnar dóms um, og að máli verði ekki með réttu beint að öðrum en þeim, sem getur látið hagsmunina af hendi eða verður að þola þá.²¹ Augljóst er að aðili verður að hafa einhverja hagsmuni af úrlausn máls og yfirleitt er talað um að hagsmunir aðilans verði að vera beinir, lögvarðir og einstaklegir. Mynda þessi þrjú skilyrði því hagsmunaregluna.²²

Eitt af megin skilyrðum fyrir því að dómstólar leysi úr sakarefni er að það skipti máli fyrir stöðu stefnanda að fá dóm um það. Þessi meginregla er hvergi lögfest berum orðum en ekki fer á milli mála að hún gildi í íslensku réttarhari. Þessi meginregla er yfirleitt verið orðuð þannig að stefnandi máls verði að hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfu sína.²³ Í *Hrd. 2002, bls. 2241 (231/2002)* var tekið fram að hagsmunir sem sóknaraðilarnir A, G, N og Ó töldu sig eiga af úrlausnarefni málsins, þ.e. að þeir væru allir einlægir náttúruverndar- og umhverfissinnar, sem að lögum væru hvattir til þátttöku í umhverfisvernd og afskipta af mati á umhverfisáhrifum, væru ekki þess eðlis að þeir gætu talist eiga lögvarða hagsmuni af málinu í samræmi við meginreglur einkamálalaga.

Hrd. 2002, bls. 2241 (231/2002) – Málið reis vegna fyrirhugaðra framkvæmda Landsvirkjunar við svonefnda Kárahnjúkavirkjun. Var lögð fyrir Skipulagsstofnun tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum 750MW vatnsaflsvirkjunar, sem Landsvirkjun kvaðst hafa hug á að

¹⁸ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 62

¹⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 63

²⁰ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 69

²¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 59

²² Særún María Gunnarsdóttir: *Aðild að málum sem varða umhverfið*, bls. 355

²³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117

reisa í tveimur áföngum. Landsvirkjun tilkynnti Skipulagsstofnun um framkvæmdina 20. apríl 2001 og afhenti skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hennar. Skipulagsstofnun lagðist gegn framkvæmdinni vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og ófullnægjandi upplýsinga um einstaka þætti framkvæmdarinnar og um umhverfisáhrif hennar. Bárust alls 122 kærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar. Í 115 tilvikum var úrskurðurinn kærður til að fá niðurstöðu hans hnekkt og fyrirhugaða framkvæmd heimilaða. Fimm menn og tvenn félagasamtök kærðu á hinn bóginn úrskurðinn til staðfestingar. Voru sóknaraðilar í þessu máli allir í þeim hópi. Með úrskurði 20. desember 2001 felldi ráðherra úrskurð Skipulagsstofnunar úr gildi og féllst á framkvæmdina. Höfðuðu sóknaraðilar því mál á hendur íslenska ríkinu og lýstu fyrir Hæstarétti hagsmunum sínum af þessari málssókn á þann hátt, að þeir væru allir einlægir náttúruverndar- og umhverfissinnar, sem að lögum væru hvattir til þátttöku í umhverfisvernd og afskipta af mati á umhverfisáhrifum. Í dómi Hæstaréttar sagði svo orðrét: „Með fyrrgreindum ákvæðum 2. málsliðar 4. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 er vikið frá þeirri almennu reglu stjórnýsluréttar að sá einn geti orðið aðili að máli fyrir stjórnvöldum, sem eigi einstaklega, beinna og lögvarinna hagsmuna að gæta. Af slíkum lögbundnum undantekningarreglum verða ekki dregnar víðtækari ályktanir en felast í orðum þeirra. Í lögum nr. 106/2000 eru engin sérákvæði um aðild að dómsmáli, sem höfðað er um ákvörðun stjórnvalds á grundvelli laganna. Fer því um aðild að slíku dómsmáli eftir almennum reglum, þar á meðal þeirri grunnreglu að baki ákvæðum laga nr. 91/1991 að dómstólar leysi ekki úr sakarefni nema sýnt sé að það skipti að lögum máli fyrir stöðu stefnanda að fá dóm um það. Heimild sóknaraðila til að hafa uppi í dómsmáli aðalkröfu sína, reista á framangreindum rökum, er ekki að lögum háð því að þeir hafi látið mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar til sín taka þegar það var til meðferðar hjá Skipulagsstofnun eða umhverfisráðherra. Verður því ekki fallist á að heimild sóknaraðila til að eiga aðild að dómsmáli um þessa kröfu geti verið rýmri en leiðir af almennum reglum af þeim sökum einum að þeir hafi átt aðild að undanfarandi málsmeðferð stjórnvalda. Hér að framan er getið þeirra atriða, sem sóknaraðilar halda fram til stuðnings því að þeir hafi hagsmuni af því að fá úrlausn dómstóla um aðalkröfu sína. Ekkert þeirra atriða er þess eðlis að sóknaraðilar geti talist hafa slíka lögvarða hagsmuni, sem hér um ræðir, af því að efnisdómur gangi um þessa kröfu þeirra. Þegar af þessari ástæðu verður að vísa aðalkröfu sóknaraðila frá héraðsdómi.”

Hagsmunareglan tengist öðrum reglum í einkamálalögum, til dæmis 1. mgr. 24. gr. eml. þar sem segir að dómstólar leysi ekki úr um réttindi manna, sem ráðast af öðrum reglum en réttarreglum. Það verður því að skipta stefnanda máli að lögum hver niðurstaða dómstóls verður um það tiltekna málefni eða efnisatriði sem fjallað er um. Því leysa dómstólar eingöngu úr lagalegum álitaeftum en ekki álitaeftum annars eðlis t.d. trúarlegum eða siðferðislegum.²⁴ Það er því mat dómstóla, hvort að það skipti aðila máli að fá dómsúrlausn um ákveðna kröfu og ef þeir meta að svo sé ekki, verður að vísa máli frá dómi.²⁵

Ekki er nægilegt að hagsmunir af dómsmáli séu lögvarðir, því að hagsmunirnir verða einnig að vera einstaklegir umfram það sem öðrum ber að gæta. Stefnandi máls verður sjálfur að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls. Reglan um einstaklega hagsmuni girðir fyrir það að dómstólar leysi úr almennum álitaeftum, til dæmis ágreining sem varðar almannahagsmuni. Dómstólar leggja mat á það hvort aðili hafi beina hagsmuni af úrlausn máls. Úrlausn máls verður að hafa hagnýtt gildi fyrir réttarstöðu aðila og því verða hagsmunir

²⁴ Særún María Gunnarsdóttir: *Aðild að málum sem varða umhverfið*, bls. 356

²⁵ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117

hans að tengjast úrlausn málsins náið og vera verulegir.²⁶ Um þetta var fjallað í *Hrd. 19. febrúar 2014* þar sem AA ehf. var heimiluð meðalganga vegna þess að hann var talinn eiga ótvíræða lögmæta hagsmuni af útkomu málsins.

Í *Hrd. 19. febrúar 2014 (80/2014)* var sóknaraðilanum AA ehf. heimiluð meðalganga í máli, þar sem hann var talinn eiga ótvíræða lögmæta hagsmuni af því, að hafnað yrði kröfu varnaraðilans A ehf., um að lánsamningar yrðu ógiltir þar sem verðmæti hins veðsetta myndi óhjákvæmilega skerðast eða jafnvel verða að engu við það. Þar sem sóknaraðili átti veðrétt í kröfum varnaraðilans, nyti hann sem veðhafi, réttar til að grípa til ráðstafana til verndar þessum óbeinu eignarréttindum sínum. Var hann talinn eiga lögmæta hagsmuni af því að verða heimiluð meðalganga í máli varnaraðilanna EA ehf. og A ehf. Með vísan til óbeinna eignarréttinda AA ehf. í þessu máli, veðréttinda sem AA ehf. átti í kröfum varnaraðilans EA ehf. á hendur A ehf. samkvæmt tveimur lánsamningum, var AA ehf. talinn hafa sýnt fram á ótvíræða hagsmuni þar sem hin veðsettu verðmæti sem hann átti samkvæmt kröfu, myndu óhjákvæmilega skerðast eða jafnvel verða að engu. Voru hagsmunir hans því af úrlausn þessa máls og að verða heimiluð meðalganga í málinu því bæði verulegir og höfðu sannanlega hagnýtt gildi fyrir réttarstöðu hans.

3 Málsforræðisreglan

3.1 Almennt um málsforræðisregluna

Kenningar um málsforræði og sammingsheimild aðila eru á meðal þeirra yfirgripsmestu kenninga um meginreglur einkamálaréttarfarsins.²⁷ Svokallað „*forhandlingsprincíp*“ fjallar um yfirráð aðila yfir úrlausnarefni dómsmáls, sönnunarfærslu og á hverju niðurstaðan verður byggð. Þessi meginregla er kölluð málsforræðisreglan.²⁸

Málsforræðisreglan er ákveðið öryggisnet fyrir aðila fyrir dómstóli. Við rekstur máls getur dómari ekki byggt á né bætt við öðrum málsástæðum en þeim sem aðili vill sjálfur halda uppi og því verður samkvæmt reglunni ekki leyst úr öðrum kröfum en málsaðilar vilja sjálfir halda uppi.²⁹ Í kenningum um málforræðisregluna er nánast án undantekninga gert ráð fyrir því, að aðilarnir eigi að ráða mestu í þeim efnum hvort mál verði rekið, hvaða kröfur verða hafðar uppi í málinu og á hvaða röksemdum, sönnunargögnum og staðreyndum verði byggt á við úrslit málsins fyrir dómstólum.³⁰ Aðilar hafa yfirráð yfir efnishlið máls og eru þau yfirráð ekki háð samningi en ekkert stendur aðilum í vegi að gera með sér bindandi samning og ljúka málinu þannig sín á milli.³¹ Verður þetta nú skýrt nánar með athugun á helstu atriðum laga um meðferð einkamála þar sem reynir á málsforræðisregluna.

²⁶ Særún María Gunnarsdóttir: *Aðild að málum sem varða umhverfið*, bls. 356

²⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 18

²⁸ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 19

²⁹ Bernhard Gomard: *Civil processen*, bls. 430

³⁰ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 20

³¹ Bernhard Gomard: *Civil processen*, bls. 432

3.1.1 Forræði á því hvort mál verði rekið

Stefnandi máls verður að höfða og þingfesta mál og getur einkamál ekki komið til kasta dómstóla nema fyrir frumkvæði stefnanda. Eftir þingfestingu einkamáls er það stefnandi sem ákveður hvort að málinu verði haldið áfram en hann getur upp á eindæmi sitt, án atbeina stefnda, ákveðið að fella niður málið á hvaða stigi þess sem er sbr. c-lið 1. mgr. 105. gr. eml. Samkvæmt b-, d- og e-lið 105. gr. eml. er stefnandi þó ekki sá eini sem ræður hvort máli verði haldið áfram þar sem dómari getur fellt mál niður af sjálfsdáðum við tilteknar aðstæður og getur verið knúinn til að vísa máli frá dómi án kröfu.³²

3.1.2 Forræði á aðild að máli

Við höfðun máls er það stefnandi sem ræður hverjir eigi aðild að málinu til varnar og nýtur stefnandi í grundvallaratriðum einn heimildar til þess að bæta aðilum við eftir höfðun máls, í samræmi við þá takmörkuðu heimild sem er að finna í 3. mgr. 19. gr. eml. Í fæstum tilvikum getur stefndi fjölgað aðilum fyrir sína tilstilli og án heimildar stefnanda. Tvær heimildir koma þó til greina, hann getur við vissar aðstæður höfðað gagnsök þar sem hann getur dregið nýja aðila inn í málið og hann getur samkvæmt 21. gr. eml. stefnt þriðja manni til að gefa sig fram til að gæta réttar síns. Ákveðin skilyrði eru einnig fyrir því að þriðji maður getur krafist þess að fá að gerast aðili að máli undir rekstri þess með því að stefna sér inn í mál stefnanda og stefnda og krefjast meðalgönguadildar samkvæmt 20. gr. eml.³³

3.1.3 Forræði á kröfugerð og röksemdum

Samkvæmt 80. og 99. gr. eml. verða aðilar að gera kröfur sínar í stefnu og greinargerð. Kröfugerð er í raun ekkert annað en ósk aðilanna hvernig málinu ljúki fyrir þá og með henni binda þeir dómarrann hvernig málið getur farið. Dómari getur ekki samkvæmt 1. mgr. 111. gr. eml. farið út fyrir kröfugerð aðilanna í dómi sínum. Aðilar þurfa að greina frá málsástæðum í upphafi máls. Málsástæður eru í grófum dráttum röksemdir aðila fyrir kröfunum sem þeir hafa uppi. Aðilar málsins ráða á hvaða málsástæðum þeir byggja og að meginreglu getur dómarrinn engu um það breytt, sbr. 2. mgr. 111. gr. eml. þar sem segir að dómari megi ekki byggja niðurstöðu sína á öðrum málsástæðum en þeim sem aðilarnir halda berum orðum fram.³⁴

³² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 21

³³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 21

³⁴ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 22

3.2 Samspil málsforræðisreglunnar og sammingsheimildarreglunnar

Önnur meginregla, sem getur spilað inn í meginregluna um forræði aðila á máli sínu, er meginregla sem kölluð er sammingsheimildarreglan (einnig nefnd sakarforræðisreglan). Í reglunni felast heimildir aðilanna til þess að gera bindandi samninga um atriði máls, hvort tveggja efnis- og formhlið þess. Ráða má af 1. mgr. 106. gr. eml. að ef dómsmál varðar hagsmuni sem aðilarnir ráða sjálfir yfir og geta bundið sig af með samningum, er þeim heimilt að semja um lok málsins með dómsátt.³⁵

Lengi vel hefur í löggjöf eða réttarframkvæmd svokallaðra menningarþjóða verið tekin afstaða til samningafrelsi manna varðandi stofnun eða efni löggerna. Hefur heimild þessi verið mjög víðtæk en þó ekki án undantekninga. Reglan um samningafrelsi borgaranna er nú til dags ein af meginstoðum samningaréttarins. Virðist þessi meginregla hafa verið viðurkennd allt frá fyrstu tíð hér á landi, en þó alltaf verið háð ýmsum takmörkunum hvað varðar lög og reglur. Í reglunni felst að mönnum sé almennt heimilt að velja sér gagnaðila, þ.e. hvern þeir vilja gera bindandi samning við, frelsi um efni og inntak sammingsins og frjálsræði til að ákvarða hvort samningur skal gerður eða hvort látið skal líða hjá að gera samning.³⁶

Málsforræðisreglan nálgast svið sammingsheimildarreglunnar að því leyti að með fyrri reglunni eru aðilarnir á vissan hátt að gera með sér samkomulag um tiltekið atriði sem varðar efnishlið máls og bindur svo hendi dómans. Við skoðun á lögum um meðferð einkamála sést að þau eru að verulegu leyti byggð á málsforræðisreglunni og að hægt sé að lesa þá meginreglu úr lögnum að aðilarnir skulu ráða efnishlið máls með óverulegum afskiptum dómara.³⁷

4 Meðalgönguáild

Ákvæði 20. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 er eins efnislega og þágildandi regla sem birtist í 50. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Við lögfestingu núverandi einkamálalaga nr. 91/1991 var heiti laganna breytt þar sem ákvæði laganna taka nú ekki aðeins til málsmeðferðar í héraði. Hljóðar 20. gr. eml. svo:

„Þriðja manni er heimilt að ganga inn í mál annarra ef úrslit þess skipta hann máli að lögum. Skal hann þá stefna báðum eða öllum upphaflegu aðilunum og gera kröfu um að honum verði leyfð meðalgangan og dæmt sakarefnið eða dómur annars felldur þannig að réttur hans verði verndaður.“

³⁵ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 19

³⁶ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 25-26.

³⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 21

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi á sínum tíma frumvarpinu til einkamálalaganna, segir um 50. gr.:

„Í erlendum lögum, t.d. dönskum og þýskum, er greint milli tvennskonar meðalgöngu þriðja manns í dómsmáli: Aðalmeðalgöngu (Hovedintervention) og aukameðalgöngu (Biintervention). Þegar þriðji maður gerir beinlínis kröfu um að honum verði dæmdur réttur sá, sem um er deilt, þá kemur hann fram sem sjálfstæður aðili, og er þá talað um aðalmeðalgöngu. Ef þriðji maður gerir ekki slíka kröfu, heldur krefst þess aðeins, að ekkert verði ákveðið í dómi, er skert geti rétt hans lagalega eða raunverulega, þá er meðalgangan nefnd aukameðalganga. Það er vafasamt, hvernig afstöðu þriðja manns til málsins skuli vera varið til þess, að honum sé rétt – ef til vill gegn mótmælum beggja upphaflegu aðiljanna – að ganga þannig inn í mál. Ef dómur verður einnig bindandi fyrir hann, sem sjaldan verður, þá er honum ótvírætt rétt að ganga inn í mál, t.d. ef A, sem er sonur B, hefir höfðað mál út af meiðyrðum um B látinn, þá getur hinn sonurinn T eflaust gengið inn í það mál, því að dómur í því er sjálfsagt bindandi fyrir hann. Hann getur ekki fengið annan dóm um það efni, þótt hann höfði mál af nýju. En þótt dómur verði ekki beinlínis bindandi fyrir þriðja mann, þá geta úrslit málsins haft raunverulega þýðingu fyrir hann á ýmsan veg. Ef t.d. A höfðar mál til viðurkenningar eignarrétti sínum að jörð, þá getur hann, eftir að hann hefir fengið viðurkenningardóminn, ráðstafað eigninni með fullri heimild að formi til, og þriðji maður kynni því að glata sínum betra rétti. Hér mundi því þriðja manni verða leyfð meðalganga gegn mótmælum jafnvel beggja aðilja. En annars verða mörg vafatilvik í þessu efni. Það verður verkefni dómstóls að meta það hverju sinni, hvort hinir upphaflegu aðiljar þurfa að sæta því, að þriðji maður gangi inn í mál þeirra og gerir þar kröfur. Það verður og almennt á valdi meðalgöngumanns, hvort hann krefst sjálfstæðs dóms um þann rétt, sem hann telur sér, eða einungis, að sá réttur verður ekki öðrum dæmdur, svo í bága komi við hans tilkall“.³⁸

Áður hefur komið fram að aðilar að einkamáli þurfi eðli máls samkvæmt alltaf að vera að minnsta kosti tveir, stefnandi og stefndi. Ekkert skráð hámark er á því hversu margir geti átt aðild að sama málinu. Ekki eru til ýkja margir dómar þar sem 20. gr. eml. kemur fyrir, enda er heimildin í raun undantekning. Hér skulu þó afbrigðin tvö sem fram koma í 20. gr. eml. skoðuð með hliðsjón af dómum þar sem fjallað hefur verið um meðalgöngu og atriði útskýrð út frá þeim.

Kröfur í einkamálum geta varðað margskonar hagsmuni og stundum gerist það, að stefnandi höfðar mál á hendur stefnda, sem kann að einhverju leyti að snerta hagsmuni þriðja manns. Þessir hagsmunir þriðja manns geta verið ýmiss konar og til þess að mæta þörfum hans þegar svona stendur á er til sérstök heimild í 20. gr. eml. sem heimilar honum að ganga inn í dómsmál annarra aðila með meðalgöngu, eingöngu þó ef úrslit málsins skipta hann máli að lögum.³⁹ Það er dómari sem gætir að því skilyrði meðalgöngustefnanda að úrslit máls skipti hann máli að lögum.⁴⁰ Til þess að gerast aðili að málinu verður þriðji maður að stefna

³⁸ Þór Vilhjálmsson, *Réttarfar II*, bls. 35

³⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 78

⁴⁰ Þór Vilhjálmsson, *Réttarfar II*, bls. 39

sér inn í mál upphaflegu málsaðilanna og krefjast þess í fyrsta lagi að sér verði heimiluð meðalgangan og í öðru lagi að úrslit málsins verði á tiltekinn veg.⁴¹

Meðalgönguáðild skiptist í aðalmeðalgöngu og aukameðalgöngu. Í tilviki aðalmeðalgöngu neytir þriðji maður sér heimildar 20. gr. til þess að fá ákveðna hagsmuni dæmda sjálfum sér í málinu og í tilviki aukameðalgöngu neytir þriðji maður sér heimildina til þess að verja rétt sinn með kröfu um að úrslit máls verði á tiltekinn veg, öðrum hvorum upphaflegum aðila málsins í hag.⁴²

4.1 Höfðun meðalgöngusakar

Til þess að þriðji maður komist inn í mál annarra með meðalgöngu verður hann að stefna þeim báðum eða öllum aðilum málsins sem hann krefst meðalgöngu að. Hann verður að krefjast þess að meðalgangan verði sér heimiluð og hann verður að hafa uppi kröfu um þau málsúrslit sem þjóna hagsmunum hans. Ef þriðji maður hefur uppfyllt þessi skilyrði og meðalgangan telst honum heimil fær hann aðgang að málinu sem aðili og verður málið þá rekið sem eitt mál, þar sem m.a. verður leyst úr kröfu meðalgöngustefnanda eins og upphafs aðila málsins.⁴³ Meðalganga þriðja manns skal koma fram eins fljótt og kostur sé til þess að slík aðild íþyngi ekki málshöfðun meira en óhjákvæmilegt sé. Á þetta reyndi í *Hrd. 11. apríl 2011 (199/2011)* þar sem BB og BG kröfðust að þeim yrði heimiluð meðalganga eftir að hinn 6 mánaða frestur, sem þau höfðu til þess að höfða meðalgöngu í málinu var liðinn og auk þess beindu þau meðalgöngusökunni aðeins að varnaraðila einum en ekki öllum upphaflegu aðilum málsins.

Hrd. 11. apríl 2011 (199/2011) - A o.fl. höfðuðu mál gegn íslenska ríkinu og kröfðust þess að felld yrðu úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðarnefndar frá 19. júní 2009 í máli nr. 4/2008. Kröfðust BB og GB, til heimilis að Hofsvöllum að þeim yrði heimiluð meðalganga í málinu. Málið var höfðað 21. janúar 2010. BB og GB gáfu út stefnu á hendur íslenska ríkinu 17. nóvember 2010 og kröfðust að þeim yrði heimiluð meðalganga í málinu og að kröfur annarra sóknaraðila í því yrðu teknar til greina. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, skal sá, sem ekki vill una úrskurði óbyggðarnefndar, höfða einkamál innan sex mánaða frá því að útdráttur er honum birtur í Lögbirtingarblaði og er þar unnt að leita úrlausnar dómstóla um hverja þá kröfu, sem gerð hefur verið fyrir nefndinni. Þá höfðuðu þau BB og GB ekki meðalgöngusökina sem eigendur jarðarinnar Hofsvöllum, sem niðurstafa óbyggðarnefndar um austurhluta Hofsafréttar varðaði, heldur sem „aðilar að Fjallskilasjóði Hofsafréttar“, sem hafði ekki látið málið til sín taka fyrir nefndinni. Meðalgöngusökinni beindu þau að varnaraðila einum, en ekki öllum upphaflegu aðilum málsins svo sem bar að gera skv. 20. gr. laga nr. 91/1991. Þá virðist aldrei hafa verið leitað á dómþingi viðhorfs annarra málsaðila til kröfu BB og GB að þeim yrði

⁴¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

⁴² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

⁴³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 82

heimiluð meðalgangan, sem virðist alls kostar að ófyrirsynju einungis hafa beinst að því að taka undir kröfur annarra sóknaraðila. Í dómi Hæstaréttar segir svo að þótt ekki hefði verið nema einn þessara annmarka á meðalgöngusökinni, hefði borið að vísa henni af sjálfsdáðum frá dómi.

Ef skilyrði meðalgöngunnar eru ekki fyrir hendi telst hún þriðja manni óheimil og er dómara þá unnt að synja sjálfstætt um hana, eða eftir atvikum að vísa kröfunni frá dómi og virðist það vera réttara úrræði.⁴⁴ Í *Hrd. 2001, bls. 1788 (370/2000)* var A stefnt til réttargæslu fyrir héraðsdóm í máli vegna sameignar sem hann taldi sig eiga eignarhluta í, en engar kröfur voru gerðar á hendur honum. A áfrýjaði málinu en var ekki talinn aðili að því, né að hann hafði gerst meðalgöngumaður skv. 20. gr. eml. og hafði því ekki heimild til áfrýjunar héraðsdómsins. Var málinu því vísað frá.

Hrd. 2001, bls. 1788 – ágreiningur var uppi vegna kostnaðar við sameign fasteignar nr. 54 við Seljabraut vegna snjósmoksturs og annars nauðsynlegs viðhalds hennar. krafðist M þess að H yrði dæmdur til greiðslu skuldarinnar ásamt dráttarvöxtum, en eignarhlutur H í sameigninni var 23.5%. Var A stefnt til réttargæslu en engar kröfur gerðar á hendur honum. A kvaðst hafa eignast umræddan eignarhluta með kaupsamningi 3. júní en afsal hefði ekki verið gefið út. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, eignast húsfélög fjöleignarhúss eða aðrir eigendur lögveð í eignarhluta þess eiganda, sem ekki greiðir hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði við eignina. Fram kemur í 2. mgr. 48. gr. sömu laga að lögveð stofnist þegar húsfélag eða aðrir eigendur inna greiðslur af hendi. Af gögnum málsins var ráðið, að H hafi verið þinglýstur eigandi eignarinnar við höfðun málsins og var því nægjanlegt að stefna A til réttargæslu sem kaupsamningshafa eignarinnar. Var því staðfest krafa í héraði um lögveðrétt í umræddri eign. A áfrýjaði svo málinu gegn M og krafðist þess að hnekkt yrði staðfestingu héraðsdóms á lögveðrétti í 23.5% í Seljabraut 54. Í málinu var talið að A hafi ekki gerst meðalgöngumaður í máli sínu skv. 20. gr. eml. með greinargerð sinni í héraði. Varð hann því ekki aðili að því, sbr. 2. mgr. 21. gr. sömu laga og hljóðar því héraðsdómur ekki á hendur honum. Í 2. mgr. 21. gr. eml. segir að mæti þriðji maður í mál en gerist ekki aðili að því verða kröfur ekki gerðar á hendur honum og getur hann ekki gert kröfu um annað en málskostnað sér til handa. Með því að A var ekki aðili málsins, hafði hann ekki heimild til áfrýjunar héraðsdóms skv. 151. gr. laga nr. 91/1991. Var málinu því vísað frá Hæstarétti.

Í 3. mgr. 129. gr. eml. kemur svo fram að aðila er rétt að krefjast greiðslu málskostnaðar úr hendi gagnaðila síns, þar á meðal í gagnsök og meðalgöngusök. Einnig er tekið fram að málskostnaður verður aðeins dæmdur verði þess krafist.

4.2 Aðalmeðalganga

Þegar þriðji maður beitir heimildinni í 20. gr. eml. um aðalmeðalgöngu til að ganga inn í mál annarra leitast hann við að fá þar dóm um sína eigin hagsmuni. Við nánari athugun á einkennum aðalmeðalgöngu má sjá að til eru tvö sérkenni hennar.⁴⁵

⁴⁴ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 82

⁴⁵ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

Í fyrra tilvikinu kemur til aðalmeðalgöngu þegar höfðað hefur verið mál um ákveðna hagsmuni, sem þriðji maður telur með réttu tilheyra sér eða telur sig njóta annars konar réttinda yfir. Eins og segir í 2. másl. 20. gr. eml. þá eru þetta dæmigerð tilvik þar sem meðalgöngustefnandi krefst að sér verði „dæmt sakarefnið”. Í þessum tilfellum er tilgangur aðalmeðalgöngunnar fyrir þriðja mann að fá hagsmunina sem mál snýst um dæmda sér í stað aðalstefnanda málsins og þar af leiðandi að koma í veg fyrir að aðalstefnandi fái réttindin dæmd sér.⁴⁶ Á þetta reyndi í *Hrd. 1978, bls. 255* þar sem ágreiningur var um hver væri réttmætur handhafi váttryggingarþóta sem greiða átti út eftir að A fóst af slysförum. E krafðist meðalgönguáðildar að máli milli G og A ehf. og að henni yrði dæmt sakarefnið, þ.e. að hún væri hinn réttmæti handhafi váttryggingarþótanna en ekki G.

Hrd. 1978, bls. 255 – E, sem hafði verið í óvígðri sambúð með A, krafðist meðalgönguáðildar í máli sem G, dóttir A, höfðaði á hendur A hf. vegna váttryggingarþóta og krafðist þess að henni yrði dæmt sakarefnið, þ.e. að hún ætti réttilega bæturnar sem málið snerist um en ekki G. A sem hafði verið skipverji á m/s S, var slysatryggður hjá A hf. og gefið hafði verið út eitt váttryggingaskírteini fyrir alla skipshöfnina. Skírteinið var prentað skv. 102. og 103. gr. þágildandi laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, sbr. bráðabirgðaákvæði þágildandi siglingalaga nr. 108/1072, en þar sagði að dánarbætur skyldu „greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna”. Hæstiréttur féllst á það með héraðsdómi að orðin nánustu vandamenn sem skráð voru í váttryggingarskírteinið tækju ekki samkvæmt beinum orðum sínum til E þar sem hún var ekki í hjúskap með A er hann fóst af slysförum. Var kröfu E því hafnað og staðfest að G, dóttir A værir réttmætur viðtakandi þótanna.

Eins og áður hefur komið fram verður þriðji maður, til þess að komast inn í mál annarra með meðalgöngu, að stefna þeim báðum eða öllum aðilum málsins sem hann krefst meðalgöngu að og í tilviki aðalmeðalgöngu þarf hann að krefjast þess að sér verði dæmt sakarefnið sem mál snýst um í stað upprunalegu aðila málsins. Í *Hrd. 2002, bls. 1124 (97/2002)* var það tekið fram af Hæstarétti að sá sem krefst þess að beita heimildar 20. gr. eml. og ganga inn í mál aðila með meðalgönguheimildinni getur ekki hafa verið aðili að málinu frá öndverðu. Hann verður að ganga inn í málið sem þriðji maður.

Hrd. 2002, bls. 1124 (97/2002) - L, A og G höfðuðu mál á hendur J og L hf. þar sem þeir kröfðust þess að staðfest yrði lögbann sem sýslumaðurinn í Reykjavík hafði lagt við því að J hagnýtti sér þann rétt, sem fylgdi hlutafjäreign hans í L hf. samkvæmt rafrænum hlutabréfum eða ráðstafaði þeirri hlutafjäreign til annarra. Kröfðust þeir einnig að viðurkennt yrði með dómi að samningur milli J og L hf. um hlutafjäreign J í L hf. væri ógildur og að J yrði gert að afhenda L hf. hlutafjäreignina. Fram kom í greinargerð L hf. að félagið samþykkti allar fyrrgreindar dómkröfur L, A og G. L hf. lagði fram stefnu í meðalgöngusök þar sem það krafðist þess að því yrði heimilud meðalganga í málinu og að J yrði dæmdur til að afhenda því hlutafjäreignina. Sagði svo um meðalgönguáðild L hf. í Hæstarétti : „Eins og varnaraðilarnir [L], [A], og [G]

⁴⁶ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

mörkuðu með þessu málsókn sinni farveg var sóknaraðili frá öndverðu aðili að málinu að því er varðar kröfu þeirra um skyldu varnaraðilans [J] til að afhenda sóknaraðila hlutfjáreignina. Sóknaraðili [L hf.] gat því ekki hvað þessa dómkröfu varðar skoðast sem þriðji maður í þeim skilningi, sem um ræðir í 20. gr. laga nr. 91/1991. Eins og málið lá fyrir við þingfestingu meðalgöngusakar voru þannig ekki skilyrði til að heimila sóknaraðila [L hf.] að koma henni að. Úr þeim annmarka varð ekki bætt með því að varnaraðilarnir [L], [A], og [G] lýstu sem áður segir yfir í þinghaldi 1. febrúar 2002 að þeir féllu frá kröfu um skyldu varnaraðilans [J] til að afhenda sóknaraðila áður nefnda hlutfjáreign, enda gat þá sóknaraðili ekki lengur krafist þess að sér yrði í stað fyrrnefndu varnaraðilanna dæmt þetta sakarefni, svo sem áskilið er í 20. gr. laga nr. 91/1991.”

Í seinna tilviki um aðalmeðalgöngu krefst þriðji maður ekki að sér verði „dæmt sakarefnið” eins og hér að ofan heldur krefst þriðji maður í þessu tilviki aðalmeðalgöngu, í raun dóms um sína eigin hagsmuni, sem ekki voru fyrir til umfjöllunar í málinu. Meðalgöngustefnandi gengur inn í mál við hlið aðalstefnanda, líkt og hann væri samlagsaðili hans og krefst dóms á hendur honum um sjálfstæða hagsmuni sína.⁴⁷ Í þessu tilfelli er tilgangur meðalgöngunnar ekki að ryðja aðalstefnanda brott eins og í fyrra tilfelli aðalmeðalgöngu hér að ofan heldur er tilgangurinn að koma þriðja mannum inn í málið við hlið aðalstefnanda. Það sem einkennir þessa tegund aðalmeðalgöngu er að meðalgöngustefnandi hefði geta staðið að upphaflega málinu sem samlagsaðili með aðalstefnanda til að hafa uppi sjálfstæða kröfu sína.⁴⁸

Í *Hrd. 1966, bls. 949* krafðist A skaðabóta fyrir það tjón sem hún taldi sig og börn þeirra Á hafa orðið fyrir við andlát Á. J fyrirverandi kona Á gekk þá inn í málið við hlið A og gerði samskonar kröfur fyrir hendur ófjárráða barna sinna og Á.

Hrd. 1966, bls. 949 - Olíuflutningabifreið og bifhjól, sem lögreglumaðurinn Á ók, skullu saman á gatnamótum með þeim afleiðingum að Á kastaðist af hjólinu sínu sem varð eftir áreksturinn með öllu óökufært. Sjúkrabifreið flutti Á á Landspítalann en þar lést hann af völdum meiðsla þeirra, sem hann hlaut við áreksturinn. A eiginkona Á höfðaði mál fyrir sig persónulega og fyrir hönd sona sinna tveggja, gegn O hf. til greiðslu skaðabóta fyrir það tjón, sem hún taldi sig og börn þeirra Á hafa beðið við andlát Á. J, fyrirverandi kona Á gekk inn í málið með meðalgöngustefnu og gerði samskonar kröfur fyrir hendur ófjárráða barna sinna og Á til heimtu bóta fyrir það tjón sem hún taldi þau hafa beðið við fráfall hans. Öllum stefnendum málsins, upprunalegum og meðalgöngustefnendum, voru dæmdar bætur.

Í *Hrd. 1955, bls. 397* gerðist S, váttryggingafélag E og co., meðalgönguaðili í málinu og hélt upp sömu vörnum og E sóknaraðili málsins, þar sem félagið hafði greitt váttryggingarbætur til E vegna skemmda á b/v S og taldi eiganda v/s D, B, bæri að greiða sér þessa fjárhæð þar sem þeir bæru ábyrgð á skemmdunum.

⁴⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

⁴⁸ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

Hrd. 1955, bls. 397 - E og co. krafðist fyrir sína hönd og skipshafnar b/v S, launa fyrir björgunarahjálþ þá sem b/v S veitti v/s D, voru bjarglaunin eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 150.000 og dæmdur var sjóveðréttur í v/s D til tyggingar greiðslu dæmdum fjárhæðum. Þá krafðist E og co. bóta fyrir tjón sem b/v S varð fyrir vegna björgunarinnar. Dómkvaddir voru tveir sérfróðir menn til að láta uppi álit hvort áfátt hafi verið að einhverju leyti aðferðum þeim, sem hafðar voru til að koma á dráttarsambandi milli skipanna og við tilraun til að losa vórn úr skúfu b/v S. Var það sameiginlegt álit að aðferðin sem skipstjórnarmenn á b/v S höfðu til að koma dráttartaugum yfir í v/s D, hafi verið óvarleg. Töldu þeir að of mikið átak hafi verið notað við tilraun til þess að draga vórn úr skúfunni með togspilinu. Eigandi v/s D, B, var sýknaður af þessum kröfum og var talið rétt að hvor aðili bæri sinn kostnað af þessum þáttum málsins. S váttryggingarfélag E og co. gerðist meðalgönguaðili í málinu, hélt uppi sömu vörnum og E og co. þar sem félagið hafði greitt viðgerðarkostnað b/v S og taldi B eiganda v/s D bæri að greiða fjárhæð þessa. Fór þó svo að B var sýknaður af kröfum S.

Í þessu tilviki aðalmeðalgöngu eru hin ákveðnu skilyrði fyrir beitingu meðalgöngunnar ekki lögfest og helgast hún í raun af dómvenju frekar en settum lögum.⁴⁹ Því er hægt að draga af dómaframkvæmd ákveðin skilyrði sem fullnægt þurfi til þess að hægt sé að nýta sér þessa heimild. Eins og sést af dómunum hér fyrir ofan, *Hrd. 1966, bls. 949* og *Hrd. 1955, bls. 397* má álykta að skilyrði fyrir meðalgöngu af þessum toga sé að krafa sem meðalgöngustefnandi setur fram þarf að vera af sama uppruna og krafa aðalstefnanda. Það nægir ekki eitt og sér heldur verður að vera hægt að leysa úr kröfunni á grundvelli sömu eða samsvarandi málsástæðna og gagna og aðalstefnandi hefur lagt fram og byggt á fyrir sitt leyti.⁵⁰

Í tilfalli meðalgöngunnar er þriðji maður að ganga inn í dómsmál annarra aðila og í raun að auka þar við úrlausnarefnið hvað sína eigin hagsmuni varðar. Ekki væri sanngjarnt fyrir aðila aðalsakar að þeir þyrftu að hlíta því að þriðji maður gæti komið inn í dómsmál þeirra með óskyld eða ólík úrlausnarefni enda gæti það orðið mjög íþyngjandi fyrir þá.⁵¹

4.3 Aukameðalganga

Í báðum tilvikum aðalmeðalgöngu er tilgangur hennar að þriðji maður fái úrlausn um sinn eigin rétt. Í aukameðalgöngu er þriðji maður ekki að leitast við að fá úrlausn um sinn eigin rétt, heldur leitast hann við að styðja rétt annars hvors aðilans í aðalsök, sem verður til þess að veita hans eigin réttindum vernd. Því má sjá að það er megin munur á aðalmeðalgöngu og aukameðalgöngu. Krafan sem þriðji maður gerir í tilviki aukameðalgöngu er efnislega sú sama og annar hvor aðili aðalsakar hefur gert fyrir sitt leyti eða stuðningur um úrslit málsins

⁴⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 79

⁵⁰ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80

⁵¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80

öðrum hvorum aðilanum í vil.⁵² Þetta má ráða af lokaorðum 20. gr. eml. þar sem segir „dómur annars felldur þannig að réttur hans verði verndaður.”

Í samræmi við málsforræðisregluna eiga afskipti þriðja manns af dómsmáli annarra yfirleitt engan rétt á sér, sérstaklega ef þriðji maður ætlar sér að ná fram annarri niðurstöðu en aðilarnir sjálfir hafa lagt undirstöðu að. Til þess að meðalganga af þessu tagi nái fram að ganga verður að gera mjög strangar kröfur til aukameðalgöngu þriðja manns. Augljóst er að það væri ekki raunhæft að aðilar gætu stefnt sér inn í mál einungis til að lýsa yfir stuðningi við annan hvorn málsaðila. Það yrði bæði tímafrekt, flókið og hefur í rauninni engan tilgang fyrir framvindu málsins að aðilar myndu stefna sér inn í málið bara til þess að sýna almennan stuðning. Því er nauðsynlegt að þriðji maður sýni fram á að hann eigi brýna og sjálfstæða hagsmuni af því að úrslit máls verði á tiltekinn veg og að slík úrslit skipti hann máli að lögum.⁵³ Þar sem mjög strangar kröfur eru gerðar til aukameðalgöngu þriðja manns og þar sem heimildin er undantekning frá málsforræðisreglunni, sést á rannsókn dómaframkvæmdar að yfirleitt eru kröfum þriðja manns hafnað um aukameðalgöngu, nema hann geti sýnt fram á lögvarða, brýna og sjálfstæða hagsmuni af því að eiga aðild að málinu. Um þetta var fjallað í *Hrd. 27. mars 2015 (218/2015)* þar sem meðalgöngu A. ofl. var hafnað með vísan til þess að þeir hefðu ekki fært haldbær rök fyrir því að þeir ættu lögvarða hagsmuni af því að eiga aðild að málinu. Var kröfum þeirra því hafnað.

Í *Hrd. 27. mars 2015 (218/2015)* – A o.fl. kröfðust þess að þeim yrði heimiluð meðalganga í máli á milli U ehf. og G hf., en U ehf. krafðist þess að bú G hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfu A. ofl. var hafnað. Í úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans, kom fram að telja yrði að hagsmunir A o.fl. væru nægjanlega tryggðir með því að G hf. hefði tekið til varna í málinu og haldið fram þar ákveðnum málsástæðum máli sínu til stuðnings. Máltilbúnaður A o.fl. var því að hluta til reistur á sömu málsástæðum og varnaraðilinn G hf. og að öðru leyti byggður á sjálfstæðum málsástæðum. Því var talið að A. o.fl. hefðu ekki fært haldbær rök fyrir lögvörðum hagsmunum af því að eiga aðild að málinu og var kröfum þeirra um meðalgöngu því hafnað. Í dóminum sagði: „Almennt hefur verið talið að afskipti þriðja manns af dómsmáli annarra með meðalgöngu eigi yfirleitt engan rétt á sér, enda sé henni almennt ofaukið ef hún á sér einvörðungu stað til þess að taka undir kröfu annars hvors aðilans. Þannig verður að gera strangar kröfur til þess að þriðji maður sýni fram á brýna og sjálfstæða hagsmuni sína af því að úrslit máls verði á tiltekinn veg, til þess að krafa um meðalgöngu verði tekin til greina. Þriðji maður þarf með öðrum orðum að sýna fram á að úrslit málsins skipti hann sjálfstæðu máli að lögum. Í málinu hafa sóknaraðilar þessa þáttar málsins ekki krafist þess að sakarefni verði dæmt þeim í skilningi 20. gr. laga nr. 91/1991 Þeir gera á hinn bóginn sömu kröfur og varnaraðilinn [G hf.], aðallega um frávísun málsins en til vara að kröfu um gjaldþrotaskipti verði hafnað, og gera því sömu kröfur um málalok og sá varnaraðili. Verði málinu ekki vísað frá verður að líta svo á að þeir telji hagsmunum sínum best borgið með því að kröfu um gjaldþrotaskipti verði hafnað. Krafa þeirra er því að mati dómsins krafa um aukameðalgöngu í skilningi áður nefndrar 20. gr. laga nr. 91/1991 með vísan til niðurlags

⁵² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80

⁵³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80

greinarinnar um að gerð sé krafa um að dómur verði felldur þannig að réttur þess er meðalgöngu krefst sé varinn.”

Eins og fram hefur komið eru reglurnar um meðalgöngu undantekning frá málsförræðisreglunni. Því eru henni veittar frekar þröngar skorður og eru ákveðin skilyrði sett fyrir beitingu 20. gr. eml. þ.e. að honum verði dæmt sakarefnið eða að réttur hans verði verndaður. Því getur þriðji maður ekki nýtt sér heimildar til aukameðalgöngu og borið upp málsástæðu, til stuðnings öðrum hvorum upphaflegum málsaðila, sem sá málsaðili hefur ekki eða vill ekki sjálfur halda fram.⁵⁴ Á þetta reyndi í *Hrd. 10. desember 2009 (663/2009)* þar sem C. o.fl. kröfðust að þeim yrði heimiluð aukameðalganga í máli um viðurkenningu kröfu G sem forgangskröfu við slitameðferð á viðskiptabankanum S. hf. C. ofl. reistu málatilbúnað sinn á málsástæðum sem varnaraðilinn S. hf. hafði á engu hreyft.

Hrd. 10. desember 2009 (663/2009) – C. o.fl. kærðu úrskurð héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu þeirra um að þeim yrði heimiluð meðalganga í máli um viðurkenningu kröfu G, sem forgangskröfu við slitameðferð á viðskiptabankanum S. hf. Þar sem C. o.fl. mótmæltu ekki afstöðu slitarstjórnar til kröfu G gætu þeir því af þeirri ástæðu ekki látið ágreining G og S hf. til sín taka fyrir dómi á grundvelli almennrar reglu 1. mgr. 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Hæstiréttur komst svona að orði um heimildir til aukameðalgöngu : „Samkvæmt 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 gilda almennar reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við meðferð máls, sem rekið er til að fá leyst úr ágreiningi um viðurkenningu á kröfu við gjaldþrotaskipti. Á þessum grunni getur þriðji maður samkvæmt 20. gr. síðarnefndu laganna krafist þess að ganga inn í mál af þessum toga annaðhvort til að fá sakarefnið dæmt sér eða dómur verði annars felldur þannig að réttur hans verði verndaður. Í máli þessu krefjast sóknaraðilar ekki að þeim verði dæmt sakarefnið í þessum skilningi. Um heimild þeirra til meðalgöngu verður að öðru leyti að gæta að því að málatilbúnaður þeirra er reistur á málsástæðum, sem þeir telja að færa megi fram til stuðnings því að hafnað verði viðurkenningu á forgangsrétti fyrir kröfu varnaraðilans [G], en þeim málsástæðum hefur varnaraðilinn [S hf.] á hinn bóginn í engu hreyft. Aukameðalganga samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 veitir ekki þriðja manni heimild til að bera upp málsástæðu til stuðnings kröfu annars upphaflegs málsaðilans, sem sá vill ekki sjálfur halda fram. Með því að sóknaraðilar hafa ekki fært fram haldbær rök fyrir því að þeir geti af öðrum sökum haft lögvarða hagsmuni af þátttöku í máli varnaraðilanna verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest”

Í *Hrd. 24. janúar 2011 (638/2010)*, *Hrd. 15. apríl 2011 (142/2011)* og *Hrd. 19. febrúar 2014 (80/2014)* var þetta atriði ítrekað orðrétt að meðalganga samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 veiti ekki þriðja manni heimild til að bera fram málsástæðu til stuðnings kröfu annars upphaflegs málsaðilans sem sá vill ekki sjálfur halda fram. Allir dómarnir vísa síðan í fyrra fordæmi hér að ofan *Hrd. 633/2009*.

⁵⁴ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80

Í *Hrd. 1992, bls. 17* var H synjuð meðalganga í bæjarþingsmáli, málinu var áfrýjað og Hæstiréttur sneri niðurstöðunni við og heimilaði meðalgöngu H í málinu þar sem niðurstaða þess var talin skipta hana og son hennar máli að lögum.

Hrd. 1992, bls. 17 – H sem krafðist að sér yrði heimiluð meðalganga í málinu rökstuddi málið þannig að sonur hennar, P, myndi missa það heimili, athvarf, umönnun og umsjón ef kröfur G og G í frumsök yrðu teknar til greina. G og G, sem búsett voru á Sæbraut 3 höfðuðu bæjarþingsmál þetta nr. 605/1991 fyrir bæjaringi Seltjarnarness á hendur félagsmálaráðherra og kröfðust þess að honum yrði óheimilt að starfrækja meðferðarheimili, sambyli eða annarskonar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta á Sæbraut 2. Kröfugerð H fól í sér að um aukameðalgöngu var að ræða af hennar hálfu, hún krafðist frávísun frumsakar frá dómi og að félagsmálaráðherra yrði sýknaður af kröfu G og G. Tekið var fram í að það væri greinilegt að þessi ákvörðun myndi skipta P máli, þó þyrfti að athuga hvort að úrslit málsins skiptu hann máli að lögum í skilningi 50. gr. laga nr. 85/1936 (sem nú er 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála). Ljóst þótti að þjónustan sem félagsmálaráðherra lét P í té á meðferðarheimilinu væri opinber þjónusta og byggðist ekki á samningi einkaréttarlegs eðlis. Gæti H, meðalgöngustefnandi því engu um það ráðið ef félagsmálaráðherra myndi fallast á kröfur G og G og hætta starfrækslu meðferðarheimilisins. Taldi dómari bæjarþingsmálsins að sakarefnið væri ekki með þeim hætti sem áskilið var í 50. gr. laga nr. 85/1936 (nú 20. gr. eml.) og taldi H því ekki eiga lögvarða hagsmuni í skilningi ákvæðisins til að geta gerst meðalgöngumaður. Dómari bæjarþingsmálsins synjaði H því um meðalgöngu í máli aðila frumsakar. Hæstiréttur sneri þessu við með svofelldum rökum: „Ef kröfur stefnenda í héraði, [G og G], verða teknar til greina, mun [P] ekki eiga þess kost að dveljast áfram á meðferðarheimilinu að Sæbraut 2, þar sem hann er búsettur. Leiðir þetta af því, að þá verður að lögum óheimilt að halda áfram starfsemi þess. Ekki er fram komið, að hann ætti þá kost á öðru sambærilegu heimili. Hvernig sem farið er réttarsambandi hans og félagsmálaráðherra, mun þessi niðurstaða í aðalsök skipta [P] máli að lögum. Fyrir hans hönd er móður hans því heimil meðalganga, eins og krafist er, enda gerir hún sjálfstæðar kröfur um sýknu af kröfum stefnenda í héraði.”

Þrjú önnur samtök og félög höfðuðu meðalgöngusök í sama máli og fjallað var um í *Hrd. 1992, bls. 17* hér að framan. Voru þetta Landssamtökin Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands og Umsjónarfélag einhverfra. Samtökin kröfðust þess að vera heimiluð meðalganga í málinu fyrir hönd vistmanna á Sæbraut 2. Réttarfarsskilyrði þóttu ekki vera fyrir meðalgöngusök félaganna og var meðalgöngu í dómunum þremur því hafnað. Verða málin nú reifuð hér stuttlega.

Hrd. 1992, bls. 837 – LS höfðuðu vegna S meðalgöngusök í sama máli og fjallað er um í *Hrd. 1992, bls. 17* en S var búsett á meðferðarheimilinu að Sæbraut 2. Höfðu samtökin uppi sambærilegar kröfur og gerðar voru í fyrsta málinu. Í héraðsdómi var tekið fram að það væri ótvírætt með vísun til dóms *Hrd. 1992, bls. 17* að S ætti lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi lyktir málsins og ætti af þeim sökum rétt til meðalgöngu en hins vegar væri ekki að finna í íslenskum rétti heimild til að fela samtökum eins og LS slíka málssókn fyrir hennar hönd. Þótti samkvæmt því ekki fullnægt réttarfarsskilyrðum fyrir meðalgöngusökinni, sem var mótmælt og henni var vísað frá dómi. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóminn með skírskotun til forsendna hans.

Hrd. 1992, bls. 844 – ÖBÍ höfðaði meðalgöngusök í sama máli og fjallað er um í *Hrd. 1992, bls. 17* og krafðist aðallega frávísunar málsins og til vara viðurkenningar á rétti til að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar heimili fyrir fatlaða að Sæbraut 2. Í dómi Hæstaréttar sagði að tilgangur ÖBÍ væri eftir lögum þess m.a. að vinna að sameiginlegum málum öryrkja. Almenn sjónarmið um stöðu öryrkja komi til skoðunar í umræddu dómsmáli, en málið fari eftir almennum reglum um sakarforræði aðila. Á skorti, að hagsmunir þeir, sem ÖBÍ láti sig varða, væru svo afmarkaðir og vörðuðu með svo beinum hætti ágreining í aðalsök, að það ætti rétt á meðalgöngu og var héraðsdómur sem hafnaði meðalgöngunni því staðfestur í Hæstarétti.

Hrd. 1992, bls. 1804 – UE höfðaði vegna sín og fjögurra vistmanna að Sæbraut 2 meðalgöngusök í sama máli og fjallað er um í *Hrd. 1992, bls. 17*. Þar sem að félagið átti ekki rétt til meðalgöngu að lögum vegna sjálfs síns og eins og málið lá fyrir voru ekki heldur lagaskilyrði til þess að félagið gæti farið með meðalgöngusök vegna félagsmanna sinna. Tekið var fram að þótt svo að markmið félagsins væri að gæta hagsmuna einhverfra í hvívetna, þá væri hægt að jafna þeim hagsmunum, sem heimilismenn meðferðarheimilisins höfðu af úrslitum málsins og þeim hagsmunum sem félagið hefði, þar sem hagsmunir félagsins væru almenns eðlis, þ.e. vörðuðu hagsmuni einhverfra almennt. Þótti skorta á, að hagsmunir þeir sem UE létu sig varða, væru svo afmarkaðir, og vörðuðu með svo beinum hætti ágreininginn í aðalsök að hann ætti rétt vegna félagsins sjálfs til meðalgöngu í því máli eftir 20. gr. eml. Voru réttarfarsskilyrði fyrir meðalgöngunni því ekki uppfyllt og var henni því synjað.

Við athugun á dómum um aukameðalgöngu voru nokkrir dómar þar sem fjallað var um aukameðalgöngu í forsjármálum og eða málum sem varða Barnaverndarnefnd. Það er vissulega erfitt að meta hvenær stefnandi í aukameðalgöngu getur talist hafa nægilega mikla lögvarða hagsmuni af úrslitum máls til þess að hann geti gengið inn í mál annarra, sem þriðji maður með réttu og er ekki að sjá að neinum almennum skýringarreglum hafi verið haldið fram til útskýringar á þessu hér á landi.⁵⁵ Augljóst er að hagsmunir í málum af þessu tagi eru alltaf miklir og eru málin oft mjög persónuleg og viðkvæms efnis. Í tveimur af þremur málum sem verða reifuð hér fyrir neðan var aukameðalgöngu aðilanna hafnað sökum skorts á sjálfstæðum hagsmunum sem aðilarnir hefðu af úrslitum málanna.

Í *Hrd. 2004, bls. 1872 (128/2004)*– krafðist A þess að henni yrði heimiluð meðalganga við hlið eiginmanns síns, C, í forsjármáli hans og B. A þótti ekki hafa sjálfstæða hagsmuni að lögum af því að úrslit forsjármálsins yrðu á þann veg sem C gerði kröfu um. Var kröfu hennar um meðalgöngu því vísað frá dómi með þessum rökum : „Meðalgöngustefndu, sem eru foreldrar drengsins, X, deila um forsjá hans í framangreindu máli. Bein aðild meðalgöngustefnanda að þeirri forsjárdeilu er ekki heimil lögum samkvæmt. Meðalgöngustefnandi, sem er eiginkona meðalgöngustefnda, C, hefur ekki heldur, að svo komnu, sjálfstæða hagsmuni af úrslitum málsins, þar sem réttur hennar til lögbundinnar forsjár sem stjúpforeldris samkvæmt barnalögum er við það bundinn að eiginmaður hennar fari með forsjá drengsins. Samkvæmt framansögðu ber að vísa kröfu um meðalgöngu í forsjármáli nr. [...] frá dómi.”

Í *Hrd. 7. janúar 2015 (858/2014)* var meðalgöngusök A og B í máli Barnaverndarnefndar gegn C vísað frá héraðsdómi á þeim grundvelli, að ekki yrði litið svo á að A og B hefðu lögvarða

⁵⁵ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 81

hagsmuni af úrslitum málsins milli Barnaverndarnefndar og C. A og B gerðu þær dómkröfur að kröfu Barnaverndarnefndar í aðalsök yrði hafnað sökum aðildarskorts en til vara að þeim yrði dæmd forsjá D, dóttur C, þar sem í málinu lá fyrir samningur þeirra A og B við C og föður telpunnar E um breytingu á forsjá, en hann hafði ekki öðlast gildi. Síðan sagði: „Samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er þriðja manni heimilt að ganga inn í mál annarra, ef úrslit þess skipta hann máli að lögum. Í málinu liggur fyrir samningur varnaraðila, meðalgöngustefndu, C, og föður telpunnar. Samningurinn kveður á um að heimili og forsjá telpunnar, D, flytjist til varnaraðila þar sem foreldrar barnsins geti ekki vegna félagslegra ástæðna og fjárhagslegra erfiðleika fullnægt forsjárskyldu sinni.[...]. Samkvæmt því sem að framan greinir hefur tilvitnaður samningur varnaraðila, meðalgöngustefndu, C og föður telpunnar, D, E, ekki öðlast gildi, sbr. 5. mgr. 32. gr. barnalaga nr. 76/2003. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að telpan hafi verið í umsjá varnaraðila eða umgengni þeirra við telpuna, af öðrum ástæðum, verið í þeim mæli að máli geti skipt við mat á sjálfstæðum hagsmunum þeirra af niðurstöðu aðalsakar. Verða úrslit aðalsakar því ekki talin skipta varnaraðila máli að lögum í merkingu 20. gr. laga nr. 91/1991. Þá stendur það ennfremur í vegi yfir því að kröfugerð varnaraðila komist að í málinu að varnaraðili byggir kröfugerð sína á öðrum málsástæðum en sóknaraðili byggir á í aðalsök. Með vísan til framangreinds verður meðalgöngusök í máli þessu vísað frá dómi.”

Í *Hrd. 2004, bls. 18 (1/2004)* var heimiluð aukameðalganga A og B í forsjármáli C og D. Vísað var til þess að barn C og D hefði verið í umsjá A og B frá því að það fæddist og þess að A og B hefðu í samræmi við viljayfirlýsingu D leitað til dómsmálaráðuneytis eftir leyfi til að ættleiða barnið. Sagði svo: „Í málinu liggur fyrir að barn varnaraðila hefur verið í umsjá sóknaraðila frá fæðingu þess 4. apríl 2003. Þá hafa sóknaraðilar í samræmi við fyrrnefnda viljayfirlýsingu leitað til dómsmálaráðuneytis eftir leyfi til að ættleiða barnið en þeirri umsókn hefur verið frestað þar til dómur gengur í forsjármálinu. Í ljósi þessa þykja sóknaraðilar hafa sjálfstæða hagsmuni að lögum af því að úrslit forsjármálsins verði á þann veg sem varnaraðilinn D krefst. Að framangreindu virtu verður úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi.”

Í síðustu tveimur málunum virðist það skipta máli að í *Hrd. 7. janúar 2015 (858/2014)* höfðu meðalgöngustefnendur ekki sýnt fram á að barnið hefði verið í umsjá þeirra eða að umgengni aðilanna hefði verið svo mikil að það hefði geta skipt máli við mat á sjálfstæðum hagsmunum. Í *Hrd. 2004, bls. 18 (1/2004)* höfðu meðalgöngustefnendur hins vegar haft umsjá með barninu frá því að það fæddist og eru hagsmunir þeirra því taldir nægilega sjálfstæðir til þess að heimila meðalgönguna.

5. Lokaorð

Réttur manna er tryggður í 70. gr. stjkskr. til þess að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér fyrir dómstóli. Óskráð grundvallarregla gildir hér á landi þess efnis að aðilar að máli verða alltaf að vera að minnsta kosti tveir, útilokað er að maður geti átt kröfu á hendur sjálfum sér og getur sami maðurinn því ekki staðið bæði til sóknar og varnar í dómsmáli. Þeir geta orðið eins margir og verða vill, ef gætt er að almennum réttarfarsskilyrðum. Vegna hagsmunareglunnar verður alltaf að gæta að því að sá einn geti með réttu höfðað mál, sem er réttafi þeirra hagsmuna, sem á að leita úrlausnar dóms um, og

að máli verði ekki með réttu beint að öðrum en þeim, sem getur látið hagsmunina af hendi eða verður að þola þá. Því er yfirleitt talað um að hagsmunir aðila af úrlausn máls verði að vera beinir, lögvarðir og einstaklegir. Í meginreglunni um málsforræði málsaðila er ráðgert að aðilarnir eigi að ráða að mestu hvort mál verði rekið, hvaða kröfur verði hafðar uppi í málinu og á hvaða röksemdum, sönnunargögnum og staðreyndum úrslit málsins verða byggð í dómi. Þegar 20. gr. eml. er skoðuð í samhengi við þetta, er augljóst heimildin sem þriðji maður hefur samkvæmt henni er undantekning frá málsforræðisreglunni. Þessi undantekning er þó mjög mikilvæg og er heimildin er ákveðið öryggisnet, þar sem stundum kemur það fyrir, að stefnandi höfðar mál á hendur stefnda, sem kann að einhverju leyti að snerta hagsmuni þriðja manns. Heimildin er einmitt hugsuð fyrir undantekningartilvik í þágu hagsmuna þriðja manns og heimilar honum því að ströngum skilyrðum uppfylltum að stefna sér inn í mál upphaflegu málsaðilanna. Ef hann stefnir sér inn í mál og krefst meðalgöngu verður hann að stefna báðum eða öllum aðilum málsins sem hann krefst meðalgöngu að og að hún verði sér heimiluð, ef ekki er gætt að þessum skilyrðum, eru annmarkar á meðalgöngusökinni og ber því að vísa henni af sjálfsdáðum frá dómi sbr. *Hrd. 11. apríl 2011 (199/2011)*.

Meðalganga skiptist í aðal- og aukameðalgöngu og er grundvallarmunur á heimildunum tveimur. Aðalmeðalganga skiptist svo í tvo flokka, í fyrra tilvikinu kemur til hennar þegar höfðað hefur verið mál um ákveðna hagsmuni, sem þriðji maður telur með réttu tilheyrja sér eða telur sig njóta annarskonar réttinda yfir, eða með öðrum 20. gr. eml. að honum sjálfum verði “dæmt sakarefnið”. Þessi tegund meðalgöngu kemur skýrt fram í *Hrd. 1978, bls. 255* þar sem G hafði höfðað váttryggingarmál á hendur váttryggingarfélaginu A vegna váttryggingarbóta, en E taldi sig með vera hinn rétti handhafi bótanna sem mál G og A fjallaði um og krafðist því að henni yrði heimiluð aðalmeðalganga og að henni yrði dæmt sakarefnið. Í seinna tilviki aðalmeðalgöngu krefst þriðji maður ekki að sér verði dæmt sakarefnið, heldur krefst hann í raun dóms um sína eigin hagsmuni, sem ekki voru fyrr til umfjöllunar í málinu. Hann stefnir sér því inn í málið með meðalgöngu og gengur í raun inn í mál við hlið aðalstefnanda, líkt og hann væri samlagsaðili hans. Tilgangur aðalmeðalgöngunnar hér er ekki að ryðja aðalstefnanda brott heldur að koma þriðja mannum inn í málið við hlið aðalstefnanda. Af dómaframkvæmd verða dregin ákveðin skilyrði sem fullnægja þarf til þess að hægt sé að nýta sér þessa heimild. Krafan sem meðalgöngustefnandi setur fram þarf að vera af sama uppruna og krafa aðalstefnanda og það verður að vera hægt að leysa úr kröfunni á grundvelli sömu eða samsvarandi málsástæðna og gagna sem aðalstefnandi hefur lagt fram og byggt á.

Í tilviki aukameðalgöngu er þriðji maður ekki að leitast við að fá úrlausn um sinn eigin rétt, heldur leitast hann við að styðja rétt annars hvors aðilans í aðalsök, sem verður til þess að hann veitir sínum eigin réttindum vernd. Þar sem afskipti þriðja manns á dómsmáli annarra eiga yfirleitt engan rétt á sér verður að gera mjög strangar kröfur til aukameðalgöngu þriðja manns. Þriðji maður verður að sýna fram á að hann eigi brýna og sjálfstæða hagsmuni af því að úrslit máls verði á tiltekinn veg og að úrslitin skipti hann máli að lögum. Þriðji maður getur borið upp málsástæðu, til stuðnings öðrum hvorum upphaflegum málsaðila, sem sá málsaðili vill ekki sjálfur halda fram eins og fram kom í *Hrd. 10. desember 2009 (663/2009)* og áréttað var síðan í *Hrd. 24. janúar 2011 (638/2010)*, *Hrd. 15. apríl 2011 (142/2011)* og *Hrd. 19. febrúar 2014 (80/2014.)*.

Ekki eru til mjög margir dómar þar sem staðfest hefur verið heimild þriðja aðila til meðalgöngu en ráða má af þeirri dómaframkvæmd sem til er, að nauðsynlegt er að þriðji maður sem ætlar að nýta sér heimild 20. gr. eml. þarf að sýna fram á brýna og sjálfstæða hagsmuni af því að úrslit máls verði á tiltekinn veg og að slík úrslit skipti hann máli að lögum. Reglurnar um aðal- og aukameðalgöngu eru undantekningarreglur frá meginreglunni um málsforræði og ber því að túlka þær þröngt.

HEIMILDASKRÁ

Bernhard Gomard: *Civil processen*. 5. útgáfa. København 2000.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Lögfræðiorðabók með skýringum. Ritstjóri Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar. Gefið út sem handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands*. 3. útgáfa. Reykjavík 2013.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*. Reykjavík 2004.

Særún María Gunnarsdóttir: “Aðild að málum sem varða umhverfið” *Úlfjótur*, 2. tbl. 2005, bls. 347-409.

Þór Vilhjálmsson: *Réttarfar II*. Reykjavík 1977.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 1955, bls. 397

Hrd. 1966, bls. 949

Hrd. 1978, bls. 255

Hrd. 1992, bls. 17

Hrd. 1992, bls. 837

Hrd. 1992, bls. 844

Hrd. 1992, bls. 1804

Hrd. 2001, bls. 1788 (370/2000)

Hrd. 2002, bls. 1124 (97/2002)

Hrd. 2002, bls. 2241 (231/2002)

Hrd. 2004, bls. 18 (1/2004)

Hrd. 2004, bls. 1872 (128/2004)

Hrd. 10. desember 2009 (663/2009)

Hrd. 24. janúar 2011 (638/2010)

Hrd. 11. apríl 2011 (199/2011)

Hrd. 15. apríl 2011 (142/2011)

Hrd. 19. febrúar 2014 (80/2014)

Hrd. 7. janúar 2015 (858/2014)

Hrd. 27. mars 2015 (218/2015)